



Verklagsreglur Landsbankans um framkvæmd viðskiptafyrirmæla

Landsbankinn hf. | Nr. 1224-11 | September 2021

1. Gildissvið

Verklagsreglur þessar gilda fyrir almenna fjárfesta og fagfjárfesta. Í tilviki viðurkenndra gagnaðila gilda verklagsreglurnar ekki en Landsbankinn mun starfa heiðarlega, af sanngirni og fagmennsku við framkvæmd fyrirmæla viðskiptavina sem flokkaðir hafa verið sem viðurkenndir gagnaðilar.

2. Besta mögulega niðurstaða

Landsbankinn skal leitast við að ná bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavin þegar bankinn veitir eftirfarandi fjárfestingarþjónustu:

- Framkvæmir fyrirmæli fyrir hönd viðskiptavinar og móttækur og miðlar fyrirmælum viðskiptavinar.* Bankinn framkvæmir fyrirmæli viðskiptavinar og þjónustan hefst þegar viðskiptavinur hefur ákveðið að kaupa eða selja fjármálagerning.
- Eignastýring.* Viðskiptavinur hefur gert samning við bankann um stjórnun eignasafns í samræmi við fjárfestingarstefnu sem er fyrir fram ákveðin af viðskiptavini. Bankanum ber skylda til að taka ákvörðun um að eiga viðskipti í samræmi við hagsmuni viðskiptavinar, og til að framkvæma þær ákvarðanir í samræmi við skylduna um að ná bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavin.

3. Áhrifaþættir bestu mögulegu niðurstöðu

3.1. Áhrifaþættir

Þegar Landsbankinn ákveður hvernig leitast verður við að ná bestu niðurstöðu fyrir viðskiptavin er tekið mið af eftirtöldum áhrifaþáttum:

- Verði
- Kostnaði
- Hraða
- Líkum á viðskiptum og uppgjöri
- Umfangi og eðli fyrirmæla
- Hvers konar öðrum þáttum sem bankinn metur að skipti máli við framkvæmd fyrirmælanna

Þegar Landsbankinn framkvæmir fyrirmæli viðskiptavinar ræðst forgangsriðun bankans á áhrifaþáttum af eftirfarandi atriðum:

- Einkennum viðskiptavinar, þ.m.t. hvort viðskiptavinur er flokkaður almennur fjárfestir eða fagfjárfestir
- Hvers eðlis fyrirmæli viðskiptavinar eru
- Einkennum þeirra fjármálagerninga sem fyrirmæli varða
- Hvaða viðskiptastaðir koma til greina

Meginregla Landsbankans er að gefa eftirtöldum áhrifaþáttum mest vægi:

Verð og kostnaður: Í flestum tilvikum eru verð fjármálagernings og kostnaður, þ. á m. þóknarir og gjöld, grundvallarforsendur þess að ná bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavin.

Í tilviki *almennra fjárfesta* ákvarðast *besta mögulega niðurstaða af heildargreiðslu*, þ.e. verði fjármálagernings auk kostnaðar við framkvæmd. Með „kostnaði við framkvæmd“ er átt við allan kostnað sem fellur á viðskiptavin og hefur bein tengsl við framkvæmd fyrirmælanna, s.s. kauphallargjöld, afgreiðslugjöld, uppgjörsgjöld og öll gjöld sem greiðast til þriðja aðila sem kemur að framkvæmd fyrirmælanna.

Það er ekki alltaf mögulegt að framkvæma fyrirmæli á hagstæðasta verði, en Landsbankinn mun ávallt leitast við að framkvæma fyrirmæli í samræmi við verklagsreglur þessar.

Markmið Landsbankans er að framkvæma fyrirmæli um kaup á lægsta söluverði sem býðst og að framkvæma fyrirmæli um sölu á hæsta kaupverði sem býðst.

Tilteknir fjármálagerningar (OTC-samningar) eru ekki með tiltækt markaðsverð t.d. vegna þess að þeir hafa ekki verið teknir til viðskipta á neinum viðskiptavettvangi. Í slíkum aðstæðum leitast bankinn við að staðfesta sanngirni verðs

með við að nota aðgengileg markaðsgögn og, ef mögulegt er, með samþunburði við sams konar eða sambærilegar afurðir.

Hraði og líkur á viðskiptum eru þeir áhrifaþættir sem Landsbankinn metur að komi almennt næst á eftir *verði og kostnaði* til að ná bestu niðurstöðu fyrir viðskiptavin.

Með *hraða* er átt við tímann sem það tekur Landsbankann að koma fyrir mælum viðskiptavinar til framkvæmdar. Ef viðskiptavinur gefur engin sérstök fyrir mæli varðandi hraða, mun Landsbankinn koma þeim til framkvæmdar á þeim hraða sem bankinn metur að sé í jafnvægi milli þess að framkvæma fyrir mæli tímanlega og þess að fyrir mæli valdi sveiflum á markaði. Þetta er gert til að lágmarka áhættu við framkvæmdina.

Landsbankinn mun leitast við að framkvæma fyrir mæli í heild sinni ef það er mat bankans að það hafi ekki neikvæð áhrif á gæði framkvæmdarinnar. Ef það er hins vegar mat bankans að umfang eða eðli fyrir mæla muni hugsanlega hafa neikvæð áhrif á verð verði þau framkvæmd í einu lagi, getur bankinn frestað því að framkvæma fyrir mæli í heild sinni eða að hluta. Á hinn bóginn getur bankinn sett í forgang að framkvæma fyrir mæli fljótt ef það er mat bankans að sú framkvæmd muni ná bestu niðurstöðu fyrir viðskiptavin.

Markaðsaðstæður fjármálagernings sem fyrir mæli varða kunna að leiða til þess að Landsbankinn setur *líkur á viðskiptum* í forgang. Bankinn getur því ákveðið að framkvæma fyrir mæli viðskiptavinar á viðskiptavettvangi sem hefur nægan seljanleika og dýpt í viðskiptum til að tryggja tímanlega framkvæmd fyrir mæla með sem minnstum neikvæðum áhrifum á verð.

Líkur á uppgjöri: Almennt gerir Landsbankinn ráð fyrir því að uppgjör fyrir mæla sem eru framkvæmd fyrir hönd viðskiptavina verði tímanlegt. Verði bankinn var við að tiltekin aðferð við framkvæmd fyrir mæla skerði líkur á uppgjöri, kann að vera að bankinn noti ekki þá aðferð jafnvel þótt þá fengist betra verð.

Aðrir áhrifaþættir: Þrátt fyrir að Landsbankinn líti svo á að framangreindir áhrifaþættir séu þeir mikilvægustu til að ná bestu niðurstöðu fyrir viðskiptavin þá kunna að koma upp aðstæður þar sem aðrir þættir hafa áhrif á það með hvaða hætti bankinn framkvæmir fyrir mæli í þeirri viðleitni bankans að ná bestu niðurstöðu fyrir viðskiptavin.

3.2. Sérstök fyrir mæli viðskiptavinar

Mæli viðskiptavinar fyrir um ákveðna framkvæmd sem varða viðskiptafyrir mæli í heild eða að hluta mun Landsbankinn fylgja fyrir mælum viðskiptavinar að eins miklu leyti og hægt er.

Bent er á að hvers kyns sérstök fyrir mæli frá viðskiptavini kunna að koma í veg fyrir að Landsbankinn framkvæmi ráðstafanir sem bankinn myndi annars grípa til samkvæmt verklagsreglum þessum. Afleiðingin getur orðið sú að bankinn nái ekki að tryggja viðskiptavini bestu niðurstöðu á þeim hluta viðskiptafyrir mæla sem hann gefur sérstök fyrir mæli um.

Nái sérstök fyrir mæli viðskiptavinar einungis til takmarkaðs hluta af framkvæmdinni mun Landsbankinn framkvæma aðra hluta á grundvelli verklagsreglna þessara.

Ef viðskiptavinur gefur engin sérstök fyrir mæli mun Landsbankinn leggja mat á aðstæður á grundvelli verklagsreglna þessara.

4. Framkvæmd fyrir mæla

4.1. Viðskipti fyrir eigin reikning, viðskiptastaðir og miðlarar

Þegar Landsbankinn framkvæmir fyrir mæli velur bankinn þann viðskiptastað sem, að mati bankans, mun leiða til bestu niðurstöðu fyrir viðskiptavin. Landsbankinn á bæði viðskipti innan og utan viðskiptavettvanga.

Þegar Landsbankinn framkvæmir fyrir mæli utan viðskiptavettvangs getur bankinn valið að vera mótaðili með því að eiga viðskipti fyrir eigin reikning. Í þeim tilvikum á viðskiptavinur viðskipti beint við Landsbankann. Landsbankinn getur einnig valið að framkvæma fyrir mæli með því að leiða saman fyrir mæli viðskiptavina um kaup og sölu, hvort sem er innan eða utan viðskiptavettvanga.

Landsbankinn framkvæmir fyrir mæli án tafar, af sanngirni og eins fljótt og kostur er og í þeirri röð sem þau berast.

4.1.1. Viðskiptastaðir

Landsbankinn á viðskipti á eftirtöldum viðskiptastöðum: Skipulegum mörkuðum, markaðstorgum fjármálagerninga, skipulegum markaðstorgum, hjá innmiðlurum, viðskiptavökum eða öðrum aðilum sem leiða saman kaupendur og seljendur fjármálagerninga.

Landsbankinn mun velja þann viðskiptastað sem, að mati bankans, er líklegastur til að leiða til bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavin. Veigamesti áhrifaþátturinn við val á milli viðskiptastaða er skilvirk verðmyndum s.s. bil milli kaup- og sölutilboða og aðgengi að verðupplýsingum. Mat bankans tekur einnig mið af seljanleika og kostnaði við framkvæmd viðskipta.

Landsbankinn er viðskiptastaður þegar hann á viðskipti sem viðskiptavaki.

4.1.2. Miðlun fyrir mæla

Landsbankinn getur ákveðið að framsenda fyrir mæli til annars fjármálafyrirtækis. Í þeim tilvikum er það fjármálafyrirtækið sem fyrir mælunum er miðlað til sem ákvarðar með hvaða hætti fyrir mælin skuli framkvæmd. Landsbankinn velur það fjármálafyrirtæki sem, að mati bankans, er líklegast til að ná bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavin hverju sinni. Landsbankinn sendir aðeins fyrir mæli til fjármálafyrirtækja sem bankinn telur að geti uppfyllt kröfuna um bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavin.

4.1.3. Listi yfir viðskiptastaði og fjármálafyrirtæki sem fyrir mælum er miðlað til

Landsbankinn birtir lista yfir viðskiptastaði og fjármálafyrirtæki sem fyrirmælum er miðlað til og einnig lista yfir fimm helstu viðskiptastaði á heimasíðu bankans: www.landsbankinn.is.

5. Samsafn fyrirmæla

Landsbankinn getur ákveðið að safna fyrirmælum saman og framkvæma þau í einum eða fleiri viðskiptum ef eftirspurn er með þeim hætti að bankinn telur að samsöfnunin leiði til þess að fyrirmælin verði framkvæmd á meðalverði sem almennt telst hagstætt. Fyrir vikið getur samsöfnun verið óhagstæð fyrir einstök fyrirmæli.

Þegar Landsbankinn safnar fyrirmælum saman og framkvæmir í einum eða fleiri viðskiptum er verð allra fyrirmælanna vegið meðalverð. Við framkvæmd er samsöfnuðum fyrirmælum úthlutað til viðskiptavina innan viðskiptadagsins að eins miklu leyti og kostur er. Ef einungis er unnt að framkvæma samsöfnuð fyrirmæli að hluta mun Landsbankinn úthluta því sem tókst að framkvæma til viðskiptavina hlutfallslega miðað við stærð fyrirmæla eða þannig að allir fá sama fjölda hluta (einn á móti einum). Þegar Landsbankinn velur á milli þessara tveggja aðferða við úthlutun er litið til viðeigandi áhrifabátta þ. á m. hlutfallslega stærð fyrirmælanna, í hvaða röð fyrirmælin bárust og seljanleika á markaði viðkomandi fjármálagernings.

Viðskiptum Landsbankans fyrir eigin reikning er aðeins safnað saman við fyrirmæli viðskiptavina ef unnt er að framkvæma fyrirmæli allra viðskiptavina sem samsöfnunin nær til að fullu. Ef ekki hefur verið unnt að framkvæma fyrirmæli viðskiptavinar með álíka hagstæðum hætti án samsöfnunar getur Landsbankinn dreift viðskiptunum hlutfallslega.

6. Eftirlit

Landsbankinn hefur reglubundið eftirlit með skilvirkni verklagsreglna þessara.

Verklagsreglur þessar eru gefnar út á íslensku. Íslensk útgáfa regnanna er eina gilda útgáfa þeirra, óháð því hvort bankinn birti þýðingu á reglunum á öðrum tungumálum en íslensku.

Viðauki

við Verklagsreglur Landsbankans um framkvæmd viðskiptafyrirmæla

Í viðauka þessum er gerð grein fyrir því með hvaða hætti Landsbankinn nær bestu niðurstöðu eftir mismunandi tegundum fjármálagerninga.

I. Hlutabréf

Um fjöllun þessi gildir um eftirtalda fjármálagerninga: Hlutabréf

Móttaka fyrirmæla

Landsbankinn býður viðskiptavinum sínum að eiga viðskipti með hlutabréf með eftirfarandi hætti:

- Viðskiptavinur leggur fram viðskiptafyrirmæli skriflega, með símtali, tölvupósti, netsamskiptaforriti sem viðurkennt er af Landsbankanum, í netbanka Landsbankans eða öðrum rafrænum samskiptahætti sem ákveðinn er af Landsbankanum.
- Viðskiptavinur gengur að tilboði frá Landsbankanum.*

Besta niðurstaða

Þeir áhrifaþættir sem vega þyngst í að tryggja bestu niðurstöðu hlutabréfa eru verð fjármálagerningsins og kostnaður við framkvæmd viðskiptanna, þ.m.t. þóknanir og gjöld.

Almennt framkvæmir Landsbankinn eitthvað af eftirtöldu án tafar:

- Leggur fyrirmælin fram á viðskiptastað sem Landsbankinn er aðili að.
- Miðlar fyrirmælunum til annars fjármálafyrirtækis eða óskar eftir tilboði frá öðru fjármálafyrirtæki.
- Landsbankinn gerist mótaðili í viðskiptunum eða parar fyrirmælin við fyrirmæli annars viðskiptavinar.

Þess ber þó að geta að markaðsaðstæður eða eiginleikar viðkomandi fjármálagernings geta leitt til þess að Landsbankinn telur að ekki muni fást besta verð ef fyrirmælin eru afgreidd tafarlaust og í heild sinni. Til dæmis kann það að vera mat Landsbankans að muni hafa neikvæð áhrif á verð ef fyrirmælin eru lögð fram í heild sinni og því sé hagkvæmast skipta þeim niður í smærri pantanir eða fresta framkvæmd fyrirmælanna í heild eða að hluta.

II. Skuldabréf

Um fjöllun þessi gildir um eftirtalda fjármálagerninga: Skuldabréf

Móttaka fyrirmæla

Landsbankinn býður viðskiptavinum sínum að eiga viðskipti með skuldabréf með eftirfarandi hætti:

- Viðskiptavinur leggur fram viðskiptafyrirmæli skriflega, með símtali, tölvupósti, netsamskiptaforriti sem viðurkennt er af Landsbankanum, í netbanka Landsbankans eða öðrum rafrænum samskiptahætti sem ákveðinn er af Landsbankanum.
- Viðskiptavinur gengur að tilboði frá Landsbankanum.*

Almennt framkvæmir Landsbankinn eitthvað af eftirtöldu án tafar:

- Leggur fyrirmælin fram á viðskiptastað sem Landsbankinn er aðili að.
- Miðlar fyrirmælunum til annars fjármálafyrirtækis eða óskar eftir tilboði frá öðru fjármálafyrirtæki.
- Landsbankinn gerist mótaðili í viðskiptunum eða parar fyrirmælin við fyrirmæli annars viðskiptavinar.

Besta niðurstaða

Sá áhrifaþáttur sem vegur þyngst í að tryggja bestu niðurstöðu í viðskiptum með skuldabréf er verðið.

Verð skuldabréfs ræðst einkum af óvissu um hvernig vextir og seljanleiki munu þróast í framtíðinni.

Seljanleiki skuldabréfa er breytilegur þar sem sum skuldabréf eru auðseljanleg og önnur illseljanlegri. Ef skuldabréf er auðseljanlegt þá grundvallast tilboð Landsbankans einkum á markaðsverði (kaup- og sölutilboð).

* Samkvæmt álitni frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins frá 19. mars 2007 er skyldan til að ná bestu mögulegu niðurstöðu háð ákveðinni undanþágu. Af undanþágunni leiðir að viðskiptavinur getur ekki gert þá kröfu að bankinn leitist við að ná bestu mögulegu niðurstöðu í vissum kringumstæðum. Þessar aðstæður geta einkum komið upp þar sem markaðsframkvæmd byggir aðallega á tilboðum (e. quotes).

Ef *fagfjárfestir* á viðskipti sem byggir á tilboði (e. quote) sem Landsbankinn miðlar til hans má viðkomandi gera ráð fyrir því að bankanum sé ekki skylt að ná bestu mögulegu niðurstöðu. Ef *fagfjárfestir* á viðskipti sem byggir á tilboði (e. quote) sem Landsbankinn miðlar til hans má viðkomandi gera ráð fyrir því að bankanum sé ekki skylt að ná bestu mögulegu niðurstöðu. Undanþágan frá bestu niðurstöðu er háð fjórum viðmiðum sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur sett fram:

- Hvor aðillinn átti frumkvæði að viðskiptum. Ef viðskiptavinur átti frumkvæðið er síður líklegt að viðskiptavinur megi reiða sig á Landsbankann til að ná bestu mögulegu niðurstöðu.

- Hver markaðsframkvæmdin er að jafnaði og hvort það tíðkast að leita til margra aðila eftir tilboðum. Á vissum mörkuðum er alvanalegt að viðskiptavinir óski eftir tilboðum frá ýmsum aðilum og byggi síðan ákvörðun sína um viðskipti á þeim tilboðum sem berast. Við þessar aðstæður getur viðskiptavinur ekki búist við því að sá mótaðili sem hann velur tryggji honum bestu mögulegu niðurstöðu.
- Hversu mikið gagnsæi er um verð á viðkomandi markaði. Á mörkuðum þar sem Landsbankinn hefur greiðan aðgang að verðupplýsingum en viðskiptavinur ekki er líklegur að viðskiptavinur megi reiða sig á Landsbankann til að ná bestu mögulegu niðurstöðu.
- Upplýsingar sem Landsbankinn hefur veitt og hvers konar samningar milli bankans og viðskiptavinar kunna að hafa áhrif á mat á því hvort viðskiptavinur megi reiða sig á Landsbankann til að ná bestu mögulegu niðurstöðu.

Í tilviki *almennra fjárfesta* leiða viðmiðin fjögur að jafnaði til þeirrar niðurstöðu að viðskiptavinur á rétt á því að Landsbankinn leitist við að ná bestu mögulegu niðurstöðu þegar viðskiptavinur á viðskipti á grundvelli tilboðs sem bankinn miðlar til hans.